

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Borgartún 33 til 39 – breyting á deiliskipulagi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur borgarráð Reykjavíkur þann 1. ágúst 2000 samþykkt breytingu á deiliskipulagi fyrir Borgartún 33 - 39.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kristnibraut 11 til 21 – breyting á deiliskipulagi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur Skipulags- og byggingarnefnd þann 20. desember 2000 samþykkt breytingu á deiliskipulagi fyrir Kristnibraut 11 - 21.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 17. janúar 2001.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.

REGLUGERÐ

um breytingu á skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

1. gr.

2. gr. 7. orðast svo:

Menntun og reynsla skipulagsfulltrúa og annarra þeirra sem falin er gerð skipulagsáætlana.

Rétt til þess að starfa sem skipulagsfulltrúar hafa þeir sem uppfylla skilyrði 2. mgr. Áður en sveitarstjórn ræður skipulagsfulltrúa skal hún leita umsagnar Skipulagsstofnunar.

Eftirtaldir geta orðið skipulagsfulltrúar:

1. Skipulagsfræðingar sem hlotið hafa heimild iðnaðarráðherra til starfsheitisins samkvæmt lögum um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum.
2. Arkitektar, byggingarfræðingar, innanhússarkitektar, landslagsarkitektar, rafiðnfræðingar, tæknifræðingar og verkfræðingar sem hlotið hafa heimild til þeirra starfsheita samkvæmt lögum um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum og hafa sérhæft sig á sviði skipulagsmála í námi eða með starfsreynslu. Með sérhæfingu á sviði skipulagsmála er átt við að viðkomandi hafi lagt stund á nám á sviði svæðis-, aðal- eða deiliskipulags og/eða unnið að svæðis-, aðal- eða deiliskipulagi í a.m.k. tvö ár.

Umhverfisráðherra er heimilt að veita sveitarstjórnnum tímabundna undanþágu frá 1. mgr. þar sem ekki fæst réttindamaður í starfið. Skal slík heimild veitt til eins árs í senn og skal því aðeins framlengd að reynt hafi verið að fá til starfans réttindamann.

Þeir starfsmenn sveitarfélaga sem sinntu skipulagsmálum við gildistöku skipulags- og byggingarlaga skulu hafa rétt til að gegna starfi sínu áfram, þótt þeir fullnægi ekki skilyrðum þeim sem greint er frá hér að framan.